



## REGLUGERÐ UM SJÁLFBODALIÐAKORT OG LEIKKORT GSÍ

### 1. grein.

Reglugerð þessi tekur til útgáfu og notkunar á rafrænum GSÍ kortum sem GOLFESAMBANDS ÍSLANDS gefur út hverju ári. Gildistími GSÍ kortanna er frá 15. maí til 15. september ár hvert. Sú fjárhæð sem korthafi greiðir fyrir hvern leikinn hring skal tengja vísitölu neysliverðs. Vísitalan reiknast frá leikgjaldi 2024 sem samþykkt var á Golfþingi 11. nóvember 2023 með grunnvísitölu í september 2023 599,9 stig. Upphæðin skal reiknuð fyrir næsta leikár í september ár hvert og skal þannig liggja fyrir Golfþing eða formannafund ár hvert. Gjaldið skal hækkað eða lækkað að næsta hundraðshluta krónunnar (100 kr.)

### 2. grein

Rafræn GSÍ kort skulu vera tvenns konar, sjálfbodaliðakort og leikkort og eru ætluð sjálfbodaliðum í golfhreyfingunni og öðrum velunnurum hreyfingarinnar.

Bókun rástíma hjá golfklúbbum skal eingöngu fara fram í rafrænu umsjónarkerfi GSÍ „Golfbox“ og „Golfmore“ eða þeim rafrænu umsjónarkerfum sem GSÍ notar á hverjum tíma.

Rafrænu GSÍ kortin eru gefin út á nafn korthafa til eins árs í senn og ber korthafa nota kortið til rafrænnar skráningar á rástíma samkvæmt úthlutuðum reglum um rafræna skráningu sem kynntar eru golfklúbbum og korthöfum við árlega úthlutun kortanna.

Til að virkja kortin árlega þurfa bæði golfklúbbar og korthafar staðfesta notkunarskilmála kortanna með rafrænum hætti. Með þeim hætti hafa aðilar kynnt sér og samþykkt reglugerð um GSÍ kortin og leiðbeiningar um notkun þeirra.

### 3. grein.

#### Rafræn sjálfbodaliðakort GSÍ

Undir sjálfbodaliðakortin falla sjálfbodaliðar golfklúbba, starfsfólk GSÍ, nefndir GSÍ, landsliðsfólk GSÍ og landsliðsþjálfarar.

Sjálfbodaliðakort heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum golfvelli, gegn greiðslu sem skal vera að fjárhæð kr. 3.800. árið 2026 á hvern leikmann fyrir hvern leikinn hring.

### 4. grein.



Golfklúbbar með fulla aðild að Gólf sambandi Íslands og hafa greitt fyrri hluta aðildarfélagsgjald félagsmanna síns klúbbs til gólf sambandsins skv. 13. gr. laga GSÍ fá úthlutað rafrænum leikkortum þannig:

- Golfklúbbar, sem hafa einn keppnisvöll, fá úthlutað 14 leikkort.
- Golfklúbbar sem hafa fleiri en einn keppnisvöll, fá úthlutað 24 leikkortum.

Með keppnisvelli er átt við gólfvöll, 9 eða 18 holur sem metinn hefur verið til forgjafar af hálfu vallarmatsnefndar GSÍ. Séu tveir eða fleiri gólfklúbbar með sama heimavöllum skulu gólfklúbbarnir skipta með sér kortunum.

Gólfklúbbarnir skulu sjálfir ráðstafa leikkortunum til félagsmanna sinna og skulu þeir senda lista til GSÍ með nöfnum korthafa fyrir tiltekinn tíma ár hvert sem gefinn er út af GSÍ.

### **Rafræn leikkort GSÍ**

Rafræn leikkort GSÍ heimila korthafa og gesti hans að leika allt að tvisvar sinnum á hverjum gólfvelli, gegn greiðslu sem skal að hámarki vera 50% af vallargjaldi GSÍ félaga fyrir hvern leikinn hring þó aldrei lægri en kr. 3.800.-.

GSÍ leikkort má úthluta til fulltrúa fyrirtækja og samtaka og fjölmiðla sem eru í samstarfi við GSÍ.

Stjórn Gólf samband Íslands hefur heimild til þess að úthluta allt að 140 GSÍ sjálfboðaliðakortum og 210 GSÍ leikkortum.

### **5. grein.**

Skyld er að korthafar bóki og greiði fyrir rástíma í gegnum tölvukerfið GolfBox og noti þann afsláttarkóða er fram kemur á GSÍ kortinu.

Korthafar skulu fá að lágmarki dags fyrirvara til að bóka rástíma. Golfklúbbum er heimilt að hafa hann lengri.

Óheimilt er að nota GSÍ kort í hópaskráningu þ.e. fjórir kyfingar eða fleiri.

Notkunarskilmálar GSÍ korta verða sendir korthöfum í tölvupósti. Skilmálarnir eru staðfestir með bókun á rástíma í GolfBox.

### **6. grein.**

Misnotkun á leikkortum varðar missi þeirra og skal tilkynna um hana til skrifstofu GSÍ.